

Samningur milli Ísafjarðarbæjar og félagsins Riddarar Rósu vegna Hlaupahátíðar Vestfjarða

1. gr.

Samningsaðilar og markmið

Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639, og Riddarar Rósu, kt. 500605-1700, gera með sér svofelldan samning um styrk vegna Hlaupahátíðar Vestfjarða á árunum 2024-2026, með það að markmiði að styðja við uppbyggingu og framkvæmd Hlaupahátíðar Vestfjarða, með fjárstyrk og þjónustu Þjónustumiðstöðvar Ísafjarðarbæjar.

Hlaupahátíð Vestfjarða er árleg keppni og hátíð haldin á Þingeyri að sumarlagi. Keppt er í hlaupi, hjóltreidum og sundi, og fer fram á Þingeyri og í Dýrafirði/Arnarfirði, s.s. um Vesturgötu og Svalvoga.

2. gr.

Skyldur Ísafjarðarbæjar

Ísafjarðarbær greiðir styrk að fjárhæð kr. 100.000 árlega í kjölfar keppinnar.

Greiðsla fer fram gegn útgáfu rafræns reiknings frá Riddurum Rósu. Reikningur skal berast að lágmarki tveimur vikum fyrir greiðsludag.

Þjónustumiðstöð Ísafjarðarbæjar útvegar hátíðinni fána, fánaborgir, og lokunargrindur, og sér til þess að farið sé með búnaðinn á keppnisstað og honum skilað aftur til Þjónustumiðstöðvar við lok hátíðar. Styrkur vegna vinnu og lánsbúnaðar er að hámarki kr. 200.000 árlega.

3. gr.

Skyldur Riddara Rósu

Forsvarsmenn Riddara Rósu skulu láta þess getið í kynningarefni sínu að Ísafjarðarbær sé bakhjarl verkefnisins, s.s. með nafngreiningu og/eða birtingu byggðamerkis sveitarfélagsins.

4. gr.

Samskipti

Allar breytingar og viðaukar sem gerðir eru við þennan samning skulu vera skriflegar og undirritaðar af báðum samningsaðilum. Allar orðsendingar, tilkynningar og kvartanir, vegna samnings þessa skulu vera skriflegar og sendar með sannanlegum hætti.

Öll samskipti vegna samnings þessa skulu vera við sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs. Tengiliður Riddara Rósu vegna hátíðarinnar er xx.

6. gr.

Vanefndir

Vanefni Riddarar Rósu skyldur sínar verulega samkvæmt samningi þessum skal samningurinn falla úr gildi. Vanefnd telst veruleg s.s. ef hátíð er ekki haldin.

7. gr.

Önnur ákvæði

Rísi mál vegna samnings þessa skal það rekið fyrir Héraðsdómi Vestfjarða.

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, einu handa hvorum samningsaðila.

Ísafjörður, september 2023

F.h. Ísafjarðarbæjar

F.h. Riddara Rósu

Arna Lára Jónsdóttir
bæjarstjóri

Hildur Elísabet Pétursdóttir
stjórnarmaður